

29.06.2023



Áframhaldandi góður vöxtur hjá Ölgerðinni á fyrsta ársfjórðungi

Ársreikningur samstæðu Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. fyrir tímabilið 1. mars 2023 – 31. maí 2023 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundi 29. júní 2023.

Helstu niðurstöður árshlutareiknings fyrir fyrsta ársfjórðung 2023 (Q1 2023) eru:

- **EBITDA nam 1.157 millj. kr. samanborið við 963 millj. kr. á Q1 2023, sem jafngildir 20% hækkun milli ára.**
- **Vörusala samstæðu Ölgerðarinnar var 22% meiri á fyrsta ársfjórðungi 2023 en á sama tímabili 2022.**
- **Hagnaður eftir skatta var 963 millj. kr. á Q1 2023 og jókst um 85%**
- **Iceland Spring er nú í fyrsta skipti hluti af samstæðu Ölgerðarinnar og hafði 67 millj. kr. jákvæð áhrif á EBITDA samstæðunnar á fyrsta ársfjórðungi og 368 mkr jákvæð einskiptisáhrif á hagnað.**
- **Eigið fé í lok Q1 2023 nam 12,5 ma. kr. og var eiginfjárhlutfall 40,3% samanborið við 39,3% við lok síðasta fjárhagsárs.**
- **Nettó vaxtaberandi skuldir með leiguskuldbindingu voru 8.093 millj. kr. í lok Q1 2023 samanborið við 7.324 millj. kr. í lok árs 2022.**
- **Afkomuspá stjórnenda fyrir samstæðu Ölgerðarinnar, sem inniheldur nú Iceland Spring í fyrsta skipti, gerir ráð fyrir að EBITDA verði 5.000 – 5.350 millj. kr.**

Lykiltölur (mkr.)

Rekstrarreikningur Q1 2023	Q1 2023	Q1 2022	Breyt.	% Breyt
Vörusala	11.039	9.083	1.957	22%
Áfengis- og skilagjald	2.809	2.418	391	16%
Vörunotkun	4.465	3.387	1.078	32%
Annar framleiðslukostnaður	157	287	-131	-45%
Framlegð	3.608	2.991	618	21%
Aðrar tekjur	12	4	8	227%

Laun og launatengd gjöld	1.237	1.012	225	22%
Sölu- og markaðskostnaður	668	529	139	26%
Annar kostnaður	558	491	67	14%
EBITDA	1.157	963	194	20%
Afskriftir	247	210	37	18%
EBIT	910	753	157	21%
Fjármagnsliðir og áhrif hlutdeildarféлага	-199	100	-299	-300%
Hagnaður fyrir skatta	1.109	653	456	70%
Tekjuskattur	146	132	14	11%
Hagnaður e skatta	963	521	442	85%

Á fyrsta ársfjórðungi 2023 nam veltuaukning 2,0 ma.kr. eða sem nemur 22% og EBITDA hækkaði um 194 millj. kr eða 20%. Vöruþróun skilar áframhaldandi góðum vexti, til að mynda var COLLAB í tæplega 30% vexti í fjölda eininga. Virknidrykkurinn Mist fer einnig vel af stað og lofar góðu með framhaldið. Metsala var í sölu áfengis til ÁTVR og jókst veltan um 25% í fjórðungnum. Fjögur af fimm söluhæstu bjórvörumerkjum landsins eru í eigu Ölgerðarinnar og er Gull Lite nú lang söluhæsti bjór landsins.

Efnahagsreikningur	31.5.2023	28.2.2023	Breyt.	% Breyt
Eignir	31.118	25.676	5.441	21%
Eigið fé	12.526	10.081	2.445	24%
Eiginfjárlutfall	40,3%	39,3%	1,0	
Vaxtaberandi skuldir og leigusk.	9.628	8.496	1.133	13%
Handbært fé	1.535	1.172	364	31%
Nettó vaxtaberandi skuldir og leigusk.	8.093	7.324	769	11%
EBITDA sl. 12 mán	4.754	4.560	194	4%
NIDB/EBITDA sl. 12 mán	1,7	1,6	0,1	

Afkoman á fyrsta ársfjórðungi fjárhagsársins var í takt við birtar áætlanir. Áður útgefin afkomuspá gerði ráð fyrir EBITDA á bilinu 4,7 – 5,0 ma. kr. án tillits til áhrifa kaupa á meirihluta í Iceland Spring ehf. og gera stjórnendur Ölgerðarinnar ráð fyrir að EBITDA fjárhagsársins 1. mars 2023 – 28. febrúar 2024 verði án Iceland spring óbreytt. Áætlanir stjórnenda gera ráð fyrir að EBITDA Iceland Spring á fjárhagsárinu 2023 verði á bilinu 300 - 350 millj. kr. (250 mkr árið 2022) Afkomuspá fyrir samstæðu Ölgerðarinnar gerir þar af leiðandi ráð fyrir að EBITDA samstæðunnar verði á bilinu 5.000 – 5.350 millj. kr.

Það sem af er júní 2023 hefur sala á vörum fyrirtækisins aukist um 13% samanborið við júní 2022. Júní í fyrra var stærsti mánuður í sögu Ölgerðarinnar og því afar ánægjulegt að sjá áframhaldandi vöxt. Aukin hlutdeild vörumerkja Ölgerðarinnar ásamt sölu til veitingastaða og fyrirtækja skýrir stærsta hluta vaxtarins í mánuðinum.

Hrávöruverð á erlendum mörkuðum eru enn há á sykri, kaffi og kornvörum en önnur eru tekin að lækka. Meginþunginn í erlendum verðhækkunum er vonandi að mestu leyti að baki. Verð á framleiðsluvörum Ölgerðarinnar hefur ekki hækkað í takt við almennar verðlagsbreytingar eins og áður hefur komið fram. Það er mögulegt vegna hagræðingaraðgerða og þeim fjölda umbóta

Í rekstri sem starfsfólk fyrirtækisins hefur haft frumkvæði að. Vegna aukinna umsvifa hefur starfsfólki fjölgað á milli ára og skýrir það ásamt nýgerðum kjarasamningum 22% hækkun launa og tengdra gjalda.

„Vörubrúun er og verður áfram samofin menningu fyrirtækisins og áherslur okkar á því sviði hafa skilað árangri. Má þar nefna aukna sölu á COLLAB og í byrjun maí settum við á markað nýjan virknidrykk, Mist, sem fengið hefur frábærar viðtökur sem lofar góðu með framhaldið, enda markaðurinn fyrir virknidrykki enn í miklum vexti. Mikill stýrr hefur staðið um fyrirkomulag vefsölu áfengis síðustu misseri. Óljóst regluverk og afskiptaleysi yfirvalda hafa gert það að verkum að fyrirkomulag áfengissölu hér á landi er í uppnámi. Ölgerðin leggur mikla áherslu á að fylgja öllum lögum og reglum hvað varðar sölu áfengis og hvetur löggjafarvaldið til tafarlausrar og gagngerar heildarendurskoðunar á áfengislöggjöfinni til að eyða allri óvissu og tryggja að allir sitji við sama borð, bæði innlendir og erlendir aðilar varðandi auglýsingar og annað markaðsstarf. Lagaleg óvissa og krókaleiðir til að fara á svig við lög og reglur er óviðunandi staða sem ríkisvaldið verður að taka á. Ölgerðin stígur varlega til jarðar meðan löggjöfin er ekki skýrari en raun ber vitni.“ **segir Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar.**

Nánari upplýsingar veita:

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri, í síma 665-8010

Jón Þorsteinn Oddleifsson, fjármálastjóri í síma 820-6491

Nánari útlistun:

Vörusala

Velta samstæðunnar jókst um 2,0 ma. kr. Um 28% af þeim vexti má rekja til þess að Iceland Spring er nú hluti samstæðuuppgjörs. Veltuaukning án áhrifa Iceland Spring var um 16%. Um 25% veltuaukning var í sölu áfengis til ÁTVR og Fríhafnarinnar.

Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld námu 1.237 millj. kr á fyrsta ársfjórðungi og hækkuðu um 225 millj. kr milli ára eða 22%. Launahlutfallið á tímabilinu var 11,2% samanborið 11,1% á sama tímabili árið áður. Í Iceland Spring voru 4 stöðugildi á tímabilinu og heildarstöðugildi samstæðunnar voru 376 á tímabilinu í samanburði við 351 á sama tímabili árið áður. Á síðustu 12 mánuðum voru stöðugildin að meðaltali 381.

Velta á hvert stöðugildi hækkar áfram og var 106 millj. kr. á fyrsta ársfjórðungi 2023

Rekstrargjöld

Rekstrargjöld námu 1.226 millj. kr. á fyrsta ársfjórðungi og hækkuðu um 206 millj. kr. milli ára. Kostnaðarhlutfallið var 11,1% samanborið við 11,2% á sama tímabili árið áður. EBITDA hlutfall á árinu var 10,5% samanborið við 10,6% árið áður.

Fjármagnsliðir og hlutdeildarfélög

Á fyrsta fjórðungi eignaðist Ölgerðin 51% í Iceland Spring sem áður var 40% hlutdeildarfélag. 40% hluturinn var bókaður á 737 millj. kr. í lok síðasta fjárhagsárs. Við hækkun eignarhlutar í 51% er eldri hlutur færður til gangvirðis sem miðast við verð Iceland Spring í viðskiptunum. Við það myndast 368 millj. kr. hlutdeildartekjur í rekstri fyrsta ársfjórðungs.

Yfirverð Iceland Spring í viðskiptunum, samkvæmt bráðabirgða kaupverðsútdeilingu, er að öllu leyti fært á vatnslind félagsins sem stendur í 3,4 ma. kr. eftir viðskiptin.

Áhrif Iceland Spring koma inn í samstæðu Ölgerðarinnar með tveggja mánaða töf. Þannig kom rekstur Iceland Spring á tímabilinu jan - mars 2023 inn í rekstur samstæðunnar á tímabilinu mars - maí 2023. Á sama hátt kemur efnahagur Iceland Spring þann 31. mars 2023 inn í samstæðu Ölgerðarinnar þann 31. maí 2023.

Vaxtaberandi skuldir Iceland Spring voru um 1,2 ma. kr. þann 31. mars 2023 sem bætist við samstæðu Ölgerðarinnar í viðskiptunum. Í kjölfar hlutafjárukningar í Iceland Spring í apríl 2023 var hluti af óhagstæðum lánum félagsins greiddur upp. Lækkunin kemur ekki fram fyrr en í næsta uppgjöri samstæðu Ölgerðarinnar vegna þessarar tveggja mánaða tafar sem útskýrð er að ofan.

Nettó vaxtaberandi skuldir, að viðbætti 135 millj. kr. húsaleiguskuldbindingu voru 8,1 ma. kr. í lok ársfjórðungsins. Það er hækkun um 769 mkr sem skýrist af viðbótinni sem kemur með Iceland Spring.

Meðalvextir skulda samstæðunnar í íslenskum krónum voru 9,9% þann 31. maí 2023. Áhrif síðustu vaxtahækkunar Seðlabankans þann 24. maí 2023 voru ekki að fullu komin fram. Að teknu tillit til þeirrar hækkunar fara meðalvextirnir í 10,4%.

Jákvæð gengisáhrif voru 22 millj. kr. á fyrsta ársfjórðungi sem kom til vegna styrkingar krónunnar á móti þeim myntum sem viðskiptaskuldir samstæðunnar eru í. Gengisáhrifin eru færð meðal fjármagnsliða.

Fjárfestingar

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á fyrsta ársfjórðungi var í takt við áætlanir. Meðal fjárfestinga voru tveir rafmagnsvörubílar til notkunar við dreifingu á vörum Ölgerðarinnar. Stjórnendur telja ekki ástæðu til að endurskoða fjárfestingaáætlun fyrir fjárhagsárið sem er 1.235 millj. kr.